

2019



-félagið

í 20 ár!



AFMÆLISRIT Q - FÉLAGS HINSEGIN STÚDENTA Á ÍSLANDI



RAINBOW REYKJAVIK AND PINK ICELAND PRESENT:

MASQUERADE BALL

HOSTED BY
DETOX

MARCH 9TH
IDNÓ THEATRE

The Masquerade Ball is a part of The International Rainbow Reykjavik Winter Pride Festival which is celebrated for the 8th time from March 7 - 10, 2019. The festival features amazing nature, nightlife and northern lights in fantastic international and local company. There will be waterfalls, erupting geysers, tectonic plates and of course the most popular party of the season, comedy, singing, and geothermal baths all neatly arranged over 3 glorious days.

We could not be happier about welcoming Detox to Rainbow Reykjavik 2019. If you are among the lucky ones joining this years festival you will get a chance to meet this legendary talent at a welcome reception for participants as well enjoy her company on the optional Blue Lagoon Tour and of course see her in action at THE social event of the season, The Pink Party Masquerade Ball.

The festival is organised by Pink Iceland, Iceland's first and foremost tour operator and travel agency dedicated to LGBTQI clientele. When possible we work with partners who are LGBTQI/queer owned and operated or friendly, but always awesome. You can rest assured that you are in good hands.

MEMBERS OF Q, TRANS ICELAND AND S'78 CAN GET DISCOUNTED TICKETS TO THE BALL.
VISIT WWW.RAINBOW REYKJAVIK.IS FOR MORE INFORMATION ON ALL THE ACTIVITIES ON OFFER



Ritstjórapistill



Hrafn Sævars,
ritstjóri

Eftir að hafa tekið saman efni fyrir blaðið og kynnt mér sögu félagsins er ljóst að starf Q er ekki bara mikilvægt heldur nauðsynlegt. Viðburðir Q eru vettvangur fyrir fólk til að tjá sig á hvaða hátt sem er án þess að finna fyrir kviða eða hræðslu við viðbrögð annarra. Staður þar sem það er í lagi að tjá sinn hinseginleika og vera opinberlega maður sjálfur en líka staður til að detta í spjall og kárióki með kunningjum og vinum á sama reki. Félagið hefur verið þrýstihópur fyrir réttindum alls hinsegin fólks og verið í fararbroddi þegar kemur að bjóða nýja hópá innan

hinseginregnhlífarinnar velkomna í hópinn. Þetta er starf sem við getum öll verið stolt af.

Sérstakar þakkir fá stuðningsaðilarnir sem hjálpuðu okkur að gera þetta afmælisrit að veruleika en þeir eru Félagsvísindasvið HÍ, Háskólinn í Reykjavík, Pink Iceland, Háskólinn á Akureyri, Landsbankinn og Mennta- og Menningar- málaráðuneytið. Síðast en ekki síst, takk öllum þau sem hafa tekið þátt í starfinu síðastliðin 20 ár og til hamingju með 20 árin Q-félag hinsegin stúdenta.



Reykjavík, 2019.

Afmælisrit Q - félags hinsegin stúdenta er gefið út í 120 eintökum í tilefni af 20 ára afmæli félagsins.

Ritstjóri: Hrafn Sævars
Ritstjórn:
Stjórn Q, 2018-2019
Ljósmyndir:
Andrea Ósk, Eva Björk,
Sharon McCutcheon,
Bettina Vass.

Myndskreytingar:
Alda Lilja
@aldaliljaillustration
Umbrot:
Inga Auðbjörg K.
Straumland

Efnisyfirlit

Félagið fyrir þig!	4
Formannspistill: Hinsegin háskólar	6
Berjumst, þrýstum, ögrum, krefjumst!	8
Hinseginleikinn og veganismi	10
Hinsegin fyrst, hommi svo	12
Q-félagið í 20 ár	14
Hinsegin hvað?	19
Formenn fortíðar	24
Háskóli fyrir alla?	29
English pages:	
Queer Solidarity	30
Q for you	31

Q MÆLIR MEÐ: Hinseginlíf og hinseginbarátta



Námskeið (6e) í Háskóla Íslands vormisseri 2019 Fjallað er um sögu hinsegin fólks, reynsluheim þeirra, sögu, baráttumál, andóf og menningu í íslensku og alþjóðlegu samhengi.

Ljós er varpað á réttarstöðu hinsegin fólks, félagslega stöðu, sköpun sjálfsmýndar, þróun sýnileika og margbreytileika í samfélagi og menningu. Kynnt eru hugtök eins og kyn, kyngervi, kynhneigð, kynvitund, kynjatvihyggja o.fl.

Námskeiðið er kennt bæði á grunn- og framhaldsstigi, það er staðkennt en einnig opið fjarnemum. Hinsegin fræði eiga erindi við nemendur á öllum sviðum háskólanáms og því hvetjum við sem flesta til að sitja áfangann.

Nánari upplýsingar í kennsluskra Háskóla Íslands og hjá þorgerði J. Einarsdóttur, s. 5254177, the@hi.is



Félagið fyrir þig!

Hvort sem þú ert hinsegin eða upplifir óöryggi hvað varðar með kynhneigð og/eða kynvitund þína þá er Q fyrir þig. Félagið er fyrir öll þau sem láta sig málefni hinsegin fólks varða. Fólk sem er að stíga sín fyrstu skref, er komið út úr skápnum eða langar að vita meira er hvatt til að hafa samband og taka þátt í starfi félagsins. Félaginu er ætlað að vera óþvingaður vettvangur til gefa hinsegin (LGBTQIA+) fólki tækifæri til að hittast, veita þeim stuðning og auka samheldni þeirra.

Hópurinn samanstendur af stúdendum og ungu fólki á aldrinum 18-35 ára sem hittist reglulega. Félagið er með fasta viðburði tvö föstudagskvöld í mánuði í húsnæði Samtakanna '78, Suðurgötu 3. Reynt er að skipuleggja þá þannig að þeir séu tvo föstudaga í röð svo að fólk í vaktavinnu hafi tök á að mæta. Allir viðburðir eru auglýstir á

Facebook-síðu félagsins. Föstudagsviðburðir Q snúast um að efla félagslíf hinsegin stúdenta. Við reynum einnig að hafa í það minnsta tvo fræðsluviðburði á hvorri skólaönn. Reynt er af fremsta megni að taka vel á móti nýju fólki og búa til vingjarnlegt og öruggt rými fyrir fólk til að vera það sjálft.

Félagið gegnir mikilvægu hlutverki þegar málefni hinsegin einstaklinga ber á góma í háskólunum enda er félagið hagsmunafélag og beitir sér í réttindabaráttu hinsegin fólks innan háskóla og utan. Markmið félagsins eru meðal annars að stuðla að aukinni fræðslu, kennslu, umræðu og rannsóknnum um hinsegin málefni innan sem flestra deilda háskóla á Íslandi. Til marks um þetta heldur Q árlega málstofur sem bera heitið „hádegis hinsegin“ til að vekja athygli á þeim hinsegin

málefnum sem eru í brennidepli hverju sinni. Q heldur líka vísindaferðir fyrir nemendafélög háskólanna þar sem þeim gefst kostur á að kynnst starfi Q og fá hinseginfræðslu. Félagið á einnig í viðamiklu samstarfi við erlend og alþjóðleg stúdentafélög og tekur virkan þátt í alþjóðlegri réttindabaráttu hinsegin stúdenta. Það hefur nokkrum sinnum haldið alþjóðlegar ráðstefnur á Íslandi.

Félagsaðild

Allir eru velkomnir innan Q óháð hinseginleika en við hvetjum alla til að ganga í félagið. Hægt er að gerast meðlimur á vef félagsins queer.is og sækja Q-kortið á næsta viðburði Q félagsins. Einnig er hægt að kaupa félagsskirteini á viðburðum Q. Með félagsaðild færðu kosningarétt á aðalfundi Q, friar veitingar/veigar á einstaka viðburðum Q og afslætti hjá

eftirfarandi fyrirtækjum: Gauknum, Blush, Domino's, Pink Iceland, Kiki, Kattakaffihúsinu & Büllunni. Mestu friðindin felast þó vitanlega í því að styðja við starf Q og taka þátt í hagsmunabaráttu hinsegin stúdenta.

Í stuttu máli

Fyrir hverja? 18-35 ára hinsegin fólk og öll þau sem láta sér málefni hinsegin fólks varða.
Hvað gerir Q? Sér um hagsmunagæslu og vinnur að fræðslu- og félagsstarfi í þágu hinsegin stúdenta.
Hvar finnurðu upplýsingar um Q og viðburði? Á Facebook og queer.is
Hvernig gerist ég meðlimur? Kíkir á viðburð eða sækir um félagsaðild á queer.is

Velkomin í HR

Við óskum **Q-félagi hinsegin stúdenta** til hamingju með 20 ára afmælið

Hinsegin háskólar

Bergþóra Sveinsdóttir, formaður Q.

Ég vil byrja á því að óska okkur öllum sem höfum á einn eða annan hátt komið að starfi félagsins til hamingju með afmælið. Sérstakar þakkir sendi ég stofnendum félagsins því án ykkar væri ekkert Q í dag.

Þegar ég tók við sem formaður árið 2016 fannst mér félagið vera í ákveðnu óvissutímabili. Markmið voru ekki nægilega skýr og það var svolítið eins og félagið þyrfti að finna hjartsláttinn á ný. Við í stjórn félagsins tókum þá ákvörðun að einbeita okkur að því að styrkja félagið innan frá með því að leggja áherslu á að betrubæta Q-kvöldin okkar. Við vildum auka þátttöku í okkar starfi og ákváðum því að fækka kvöldunum en í staðinn gera þau betri, áhugaverðari, meira fræðandi og skemmtileg. Við höfum því á seinustu tveimur árum haldið

fjölbreytt Q-kvöld eins og hinsegin kynfræðslu, geðheilbrigðisfræðslu fyrir hinsegin fólk, ansi mörg karóikvöld, listakvöld og spilakvöld svo eitthvað sé nefnt. Það má ekki vanmeta tækifæri til þess að vera í félagslegum samskiptum við aðra sem eiga margt sameiginlegt með manni sjálfum. Það er því mikilvægt að þetta góða starf haldi áfram hjá félaginu. Auk þess höfum við auglýst vísindaferðir í samstarfi við Samtökin '78 fyrir nemendafélög háskólanna. Í vísindaferðum fer fram fræðsla um hinsegin málefni ásamt skemmtilegu barsvari

og góðu spjalli. Þær hafa slegið í gegn og við finnum fyrir gífurlega miklum áhuga. Sú fræðsla sem fer fram í formi vísindaferða hefur óneitanlega haft jákvæð áhrif og aukið sýnileika okkar innan háskólasamfélagsins. Við vonum að fræðslan geti verið ákveðin hvatning fyrir háskólanema til að hafa bein áhrif á eigið námsumhverfi og um leið taka virkan þátt í umræðum um málefni hinsegin fólks.

Háskólarnir eiga að vera leiðandi í umræðu fyrir auknu jafnrétti og þá verður umræðan einnig

að ná til hinsegin fólks. Málefni okkar eiga að vera tekin fyrir í námsefni, námskeiðum, verkefnum og rannsóknum. Við verðum að gera okkur grein fyrir mikilvægi þess að háskólasamfélagið endurspegli raunverulega fjölbreytni samfélagsins og búi nemendur undir framtíðina á réttan og viðeigandi hátt. Við viljum því hvetja alla háskóla á landinu til að vera í góðu samstarfi við Q-félag hinsegin stúdenta því saman getum við gert háskólaumhverfið og samfélagið betra fyrir alla.

*Bergþóra Sveinsdóttir,
Formaður Q*

Hlökkum til að sjá þig í Háskólabænum Akureyri



Grunnnám

Félagsvísindi*
Fjölmíðlafræði*
Hjúkrunarfræði
Iðjupjálfunarfræði*

Kennarafræði
Líftækni*
Lögfræði
Lögreglufræði*

Nútímafræði*
Sálfræði
Sjávarútvegsfræði*

Tölvunarfræði
í samstarfi við HR
Viðskiptafræði

***Námsleiðir sem ekki eru í boði í öðrum háskólum landsins**

Sveigjanlegt nám

Sveigjanlegt nám er stór kostur við Háskólann á Akureyri. Allt grunnnám við HA er sveigjanlegt nám sem þýðir að engu skiptir hvort þú ert staðarnemi eða fjarnemi. Allir fylgja sömu námsskránni og hafa aðgang að sama námsefninu.

Berjumst, þrýstum, ögrum, krefjumst!

Staða hinsegin stúdenta og hinsegin baráttunnar innan háskólasamfélagsins hefur tekið miklum og róttækum breytingum í gegnum árin og er í dag í mjög góðum farvegi. Það þýðir þó ekki að við getum látið staðar numið eins og komið er, heldur þurfum við að halda ótrauð áfram enda enn töluvert sem vantar upp á. Félagsleg staða hinsegin stúdenta er að mestu góð en halda þarf slíku við með fræðslu fyrir starfsfólk og nemendur háskólanna. Kerfis- og stofnanabundna stöðu hinsegin fólks innan háskólasamfélagsins þarf einnig að hafa í huga en gera þarf grein fyrir hinsegin raunveruleika innan stofnunarinnar og í námsefni. Þannig vinnum við að upplýstara, opnara og öruggara samfélagi.

Kynlaus rými
Í nokkur ár hefur eitt stærsta baráttumál hinsegin stúdenta verið kynlaus rými, þá fyrst og fremst klósett. Fyrir margt trans fólk getur það að nota almenningsklósett valdið miklum óþægindum vegna augngotna, athugasemda og jafnvel áreitni frá öðru fólki. Að sama skapi getur það verið erfitt fyrir fólk sem samsvarar sig ekki við karlkyn eða kvenkyn að þurfa að velja sér klósett til þess að nota. Könnun sem gerð var á vegum Trans Equality meðal 27.715 trans einstaklinga í Bandaríkjunum árið 2015 sýnir að yfir helmingur þátttakenda forðaðist að nota almenningsalarni vegna hræðslu við áreitni. Þó svo að við viljum meina að við séum komin örlítið lengra en Bandaríkin þá leynast kynjalöggurnar víða. Kynlaus klósett geta skipt máli fyrir nokkuð fjölmennan hóp fólks, ekki aðeins trans fólk. Fólk sem ekki fellur að samfélagslegum hugmyndum um „réttu“ kyntjáníngu getur einnig orðið fyrir áreitni.

Hinseginfræðslu sem skyldufag í háskólanum

Samfélagið okkar er gegnumsyrt af kynjativhyggju og byggir á gagnkynhneigðu regluveldi. Innleiðing hinseginfræðslu sem skyldufag á sviðum sem vinna náið með fólki og viðkvæmum hópum, s.s. Menntavísindasvið og Heilbrigðisvísindasvið, hefur verið í vinnslu í þó nokkurn tíma. Slik innleiðing skiptir ekki einungis máli fyrir hinsegin stúdenta heldur hinsegin samfélagið í heild sinni. Líkt og allir aðrir þá gengur hinsegin

fólk flest í skóla og á það til að þurfa að leita til læknis. Þar af leiðandi þarf háskólasamfélagið að undirbúa nemendur sína til að taka á móti hinsegin fólki.

Hinsegin fyrirmyndir

Margt hinsegin fólk uppgötvar sjálft sig á unga aldri. Skólinn er að mörgu leyti „heimili nr. 2“ og kennararnir okkar fyrirmyndir og leiðbeinendur. Öll þau sem munu vinna með börnum munu vinna með hinsegin börnum, það skiptir því máli að geta skapað opið og öruggt umhverfi fyrir þessi börn og unglinga þar sem kynhneigð og kynvitund er ekki tabú. Að sama skapi eru ákveðnir hópar hinsegin fólks sem eiga í nánú sambandi við heilbrigðiskerfið og skiptir því öllu máli að þar séu vel upplýstir aðilar við störf.

Fleiri hinsegin rannsóknir

Innleiðing hinseginfræða í námskeið er annað mikilvægt skref sem þarf að taka. Það vantar enn töluvert upp á rannsóknir um hinsegin veruleika og samfélag, og þær rannsóknir sem til eru hafa að mörgu leyti verið gerðar af hinsegin fræðafólki. Með því að gera nemendum grein fyrir þeim möguleikum sem hinseginfræðin hafa upp á að bjóða á öllum sviðum þá hvetjum við til frekari rannsókna og eflum vitneskju okkar um hinsegin veruleika.

Kynskráning utan tvíhyggju-kynjakerfisins

Fjölbreyttari kynskráning nemenda hefur verið í

umræðunni í nokkurn tíma. Í dag er hægt að breyta nafninu sínu í Uglunni en kynskráning einskorðast aðeins við karlkyn og kvenkyn, og stjórnast af kynskráningu í Þjóðskrá. Viða erlendis er kynskráning stúdenta frjálslæg og án nokkurra vandræða, hvers vegna ekki að innleiða slíkt hið sama hérlendis? Það að „þurfa að velja“ hefur fráhrindandi áhrif á alla þá flóru af fólki sem vill stunda háskólanám og við viljum sjá stunda háskólanám.

Fögnum fjölbreytileikanum

Fjölbreytileikinn auðgar samfélagið okkar, en til þess að fjölbreytileiki geti þrífist innan þess þá þurfum við að búa til opið og meðvitað samfélag. Hinsegin baráttan og barátta annarra minnihlutahópa stuðlar að þessum breytingum og fjölbreytni. Þetta er stöðug barátta sem tekur endalausum breytingum eftir því sem samfélagið þróast. Þetta eru bara nokkur af helstu baráttumálum seinustu ára en ný baráttumál koma upp á hverju ári. Hinsegin aktivismi og samtök skipta gífurlega miklu máli, sem og bandamenn okkar, því án þeirra værum við ekki á þeim stað sem við erum á í dag. Takk fyrir að berjast, ögra, þrýsta og krefjast.

Valgerður Hirst Baldurs
(Vallý)



BARÁTTUMÁL HINSEGIN STÚDENTA

Er einhver tenging milli hinseginleika og veganisma?

Eftir Andreu Ósk Sigurbjörnsdóttur og Sólveigu Daðadóttur



Innan hinsegin samfélagsins gengur orðrómur um það að allt hinsegin fólk sé vegan. Fólk gerir oft ráð fyrir því að maður sé allavega grænmetisæta, ef ekki vegan, ef maður er hinsegin. Að hinsegin fólk borði bara vegan borgara og avókadó-súrdeigsbrauð er orðin jafnmikil steriötýpa og það að eiga kött og flannel skyrtur. Við föllum að visu sjálfar í þennan kassa ásamt mörgum vinum okkar. Af hverju ætli fólk leggi þetta tvennt svona oft saman, að vera hinsegin og vegan? Hvaða samleið hafa hinsegin baráttan og jafnréttisbaráttan við veganisma?

Veganismi er það að neyta engra dýrafurða, ganga ekki í né nota dýr til afþreyingar. Með því að ganga í er átt við leður, feld og ull og með afþreyingu er átt við til dæmis dýragarða og sirkus. Hvort sem það er vegna hlýnunar

jarðar, siðferðislegra ástæðna eða heilsufarsástæðna, þá er veganismi pólitískur. Þú tekur ákvörðun út frá því sem þú trúir að sé rétt, hvort sem þú vilt að það sé pólitískt eða ekki. Vert er að nefna að ekki allir sem eru vegan eru hinsegin og ekki allir sem eru hinsegin eru vegan, svona til að forðast allan misskilning.

„Hvernig veistu að einhver sé vegan?“

„Því þau tilkynna það!“ Við höfum öll heyrt þessa klisju. Þegar þú velur að gerast vegan þá þarftu að setja á þig „stimpil“. Þú ert VEGAN. En þar sem hinsegin fólk er nú þegar stimplað HINSEGIN þá er minna mál að bæta við sig næsta stimpil. Það er töluvert auðveldara að koma út í annað skiptið. Það gerir það eflaust auðveldara fyrir hinsegin fólk að „koma út“ sem vegan.

Réttindabálið

Sterk siðferðis- og réttlætiskennd hefur mögulega eitthvað með tenginu veganisma og hinseginleika að gera. Við það að átta sig á hinseginleika sínum og koma í kjölfarið út þá er maður á vissan hátt að skerða lagaleg réttindi sín, mismikið eftir hinseginleika. Sú tilhugsun er mjög súr. Ef við tökum ættleiðingar sem dæmi þá megum við sem par ekki ættleiða nema innanlands og frá Kólumbíu, bara vegna þess að við erum í samkynja sambandi. Þar sem baráttan hinsegin fólks er ekki komin lengra þá tekur mjög stórt hlutfall hinsegin fólks þátt í baráttunni. Hún kveikir ef til vill í einhverju réttindabáli innra með fólki, sem svo tekur þetta bál með sér út í lífið þar sem það verður vart við ýmist annað ranglæti, m.a. í kjötiðnaðinum og í framleiðslu dýrafurða. Þetta réttindabál gerir mann næmari á misrétti

og hvetur mann til þess að standa með öðrum í þeirra réttindabaráttum, ekki bara sins eigin. Baráttan fyrir réttindum dýra er því ekki undanskilin.

Valdniðsla

Hafandi barist fyrir eigin tilvistarrétti er auðveldara að berjast fyrir réttindum annarra. Valdið sem mannfólkið beitir gegn dýrunum, bara vegna þess að við getum það, minnir mann mikið á það sem gerst hefur í sögu hinsegin fólks og annarra jaðarhópa. Við búum í samfélagi sem notar og kúgar dýr. Hinsegin fólk hefur í gegnum tíðina orðið fyrir sama misrétti, verið kúgað og einangrað. Þegar maður nær að tengja þennan hlekk, að dýrin eru raddlaus og réttindalaus, við málefni hinsegin fólks í sögunni þá verður samkenndin meiri. Eins og þegar flestir lærðu deilingu í grunnskóla geta allir lært það að deila jörðinni með dýrunum.

Fjölbreytt námsframboð á Félagsvísindasviði

BA-nám, diplómanám, MA-nám og doktorsnám

hi.is/felagsvisindasvid



Nám í félagsvísindum er frábær undirbúningur fyrir fjölbreytt störf í samfélaginu. Kennarar sviðsins eru í hópi færustu fræðimanna landsins í sínu fagi og fjalla um viðfangsefni félagsvísindanna á frjóan og gagnrýnn hátt. Fjöldi nemenda sem útskrifast hefur af sviðinu hefur fengið inngöngu í framhaldsnám í framúrskarandi skóla erlendis.

Félagsfræði-, mannfræði- þjóðfræðideild

Félagsráðgjafardeild

Hagfræðideild

Lagadeild

Stjórn málafræðideild

Viðskiptafræðideild


Gimli við Sæmundargötu - 101 Reykjavík
Sími 525 4500
nemFVS@hi.is
hi.is/felagsvisindasvid



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Hinsegin fyrst, hommi svo

Hjalti Vigfússon, þáttastjórnandi *Skammar* á RÚV Núll, fjallar um innbyggða hinseginfælni.



Í viðfrægri bók sinni *The Velvet Rage*, sem kom út árið 2005, talar sálfræðingurinn Alan Downs opinskátt um skömm og reiði sem samkynhneigðir karlmenn glíma við. Hann tiundar hvernig það að alast upp samkynhneigður í heterónormatívu samfélagi getur leitt af sér reiði og skömm síðar í lífinu sem getur brotist út með margvislegum hætti í orðum, gjörðum og hugsunum. Í dag tölum við einna helst um þessa skömm sem innbyggða hinseginfælni (e. internalized homophobia). Í jafnlitlu samfélagi og hér á Íslandi er hætta á því að innbyggð hinseginfælni nái jafnvel enn frekar fótfestu. Í litlum samfélögum er minna rými til að standa utan við kassann og hræðslan við að verða útskúfaður mun meiri.

Þó að bókin hafi ekki komið út fyrir svo löngu hefur ýmislegt breyst og mér finnst vert að skoða hvernig aukin réttindastaða hinsegin fólks hefur breytt því hvernig þessi innbyggða hinseginfælni getur birst okkur. Með auknum réttindum og sýnileika

samkynhneigðra í samfélaginu mætti ætla að skömm þessa hóps hinsegin fólks sem Downs skrifaði um minnki. Samkynhneigðir hafa að miklu leyti fallið inn í heterónormatívu samfélagsins með réttindum til giftinga og tilvist okkar þar með orðin viðurkennd. Það sem vekur hins vegar hjá mér ugg er innbyggða hinseginfælnin sem ég hef séð birtast þegar samkynhneigðir einstaklingar gera greinarmun á sér og öðrum hópum innan hinsegin samfélagsins. Þessi skömm þarf ekki að birtast með neinum afgerandi hætti. Bara örlitil athugasemd eða augnaråd sem segir: „Ég er samkynhneigður, en ekki hinsegin“.

Þetta er að vissu

leyti skiljanlegt. Þegar maður elst upp í litlu samfélagi sem manni fannst maður ekki eiga tilverurétt í er skiljanlegt að þegar maður finnur fyrir samþykki samfélagsins vilji maður ekki rugla bátum. En hættan er sú

að þegar minni-hlutaþópur nær brautar-gengi í samfélaginu verji hann áunna stöðu með því að samsvara sig þeim hópi sem áður hafði kúgað hann í staðinn fyrir að taka aðra hópa með sér. Þess vegna kvikna hjá mér við-vörundar-bjöllur þegar að samkynhneigðir einstaklingar aðskilja sig frá hinsegin

flórunni, tala niðrandi til *Hinsegin daga* því þeir séu „of mikið“, eða eitthvað slíkt. Þessi innbyggða fælni er þar með farin

að brjótast út með þeim hætti að hún yfir öðrum hópum hinsegin flórunnar lengra út á jaðarinn. Það er eitthvað sem við eigum ekki að sætta okkur við. Þetta viðhorf eykur ekki bara á jaðarsetningu annarra hinsegin hópa heldur setur áunna stöðu samkynhneigðra í samfélaginu í hættu. Eina leiðin til að tryggja sjálfsagða stöðu okkar í samfélaginu er að horfa fram á við og taka alla hinsegin flóruna með okkur. Það þýðir að okkur verður að vera jafn annt um réttindi þeirra og stöðu og okkar eigin. Okkur á að finnast jafn sjálfsagt að bregðast við misrétti gagnvart þeim og okkur. Við eigum að hjálpa til við að fræða samfélagið um veruleika allra hinsegin hópa og stöðu innan samfélagsins.

Róttæk stúdenta-samtök skipta gríðarlegu máli til að stemma stigu við stöðnun allrar réttindabaráttu. Q-félagið hefur svo sannarlega staðið undir nafni. Það er von mín að samtökin haldi áfram að stækka og vera í fararbroddi í umræðunni um réttindi alls hinsegin fólks. Til hamingju með árin tuttugu!



María Dóra Björnsdóttir, deildarstjóri Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands

Á þeim 38 árum sem Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands (NSHÍ) hefur starfað hefur nemendafjöldinn margfaldast og hópurinn orðið fjölbreyttari, s.s. hvað varðar aldur, þjóðerni, trú, kynhneigð, kynvitund og fleira. Starfsfólk NSHÍ fagnar fjölbreytileikanum og leggur sig fram um að sinna öllum sem til þeirra leita eins vel og kostur er.


Hér eru 7 hlutir sem NSHÍ getur gert fyrir þig!

1. Námsráðgjöf snýst meðal annars um ráðgjöf um námsval, stuðning við framvindu náms og leiðsögn um vinnubrögð í háskólanámi.
2. Starfsráðgjöf felst í leiðbeiningum varðandi gerð ferilskrár og kynningarbréfs ásamt undirbúningi fyrir atvinnuleit og atvinnuviðtöl.
3. Sértek þjónusta fyrir fatlaða nemendur og nemendur með sértekka námsörðugleika eða langvarandi veikindi í formi úrræða í námi og prófum.
4. Persónuleg ráðgjöf vegna persónulegra eða félagslegra erfiðleika.
5. Ráðgjafar taka við óskum nemenda um nafnabreytingu innan háskólans. Þetta er sérstaklega ætlað trans nemendum sem ekki hafa fengið nafnabreytingu í þjóðskrá.
6. Sálfræðingar NSHÍ sinna sálfræðigreiningu og veita nemendum sálfræðiráðgjöf og stuðning meðan á námi stendur í einstaklingsviðtölum, með hópráðgjöf og á námskeiðum.
7. Komdu á námskeið! Ráðgjafar og sálfræðingar NSHÍ bjóða upp á úrval námskeiða og vinnustofa ásamt örfyrirlesturum. Á meðal viðfangsefna eru vinnubrögð og námsvenjur, frestun, tímastjórnun, markmiðssetning, undirbúningur fyrir atvinnuleit og atvinnuviðtöl, prófkviði, prófundirbúningur, streitustjórnun, sjálfstyrking og margt fleira.

Opnir viðtalstímar
Mánudaga til fimmtudaga
kl. 13.00-15.30
Föstudaga kl. 10.00-12.00.

Viðtalsbókanir
Eftir samkomulagi með því að koma eða hringja í móttöku NSHÍ í s: 525 4315.

Netspjall og tölvupóstur
Netspjall er opið mánudaga til fimmtudaga á milli kl. 9:00 og 11:00. Einnig er hægt að senda fyrirspurn á netfangið: radgjof@hi.is.



7 hlutir sem NSHÍ getur gert fyrir þig!



Q-félagið í 20 ár

Skortur á formlegum vettvangi

Í október árið 1998 hittist sistækkandi hópur samkynhneigðra stúdenta reglulega til að ræða stöðu samkynhneigðra við HÍ. Eins og staðan var þá voru skemmtistaðirnir eini vettvangurinn fyrir samkynhneigða stúdenta til að kynnast. Eðlilegra þótti að fólk gæti hist án þess að þurfa að gera það á skemmtistöðum um helgar með áfengi um hönd. Yfir 20 stúdentar mættu á fundina þrátt fyrir að ekkert hafi verið auglýst. Upp úr því spunnust þær umræður að stofna hagsmunasamtök og stuðningshóp samkynhneigðra við Háskóla Íslands. Viðast hvar við erlenda háskóla höfðu félög samkynhneigðra lengi verið starfrækt, jafnvel fyrir tíma Stonewall mótmælanna, og störfuðu sem mikilvægir þrýstihópar og voru mjög áberandi innan háskólasamfélaganna. Það vekur því furðu að hér skuli slíkt félag ekki hafa verið stofnað fyrir.

Hinn fullkomni jafningi

Um þetta leyti var Felix Bergsson að sýna leikrit sitt „Hinn fullkomni jafningi“ í íslensku

óperunni og má segja að leikritið hafi verið það sem ýtti stofnun félagsins úr vör. Baldur Þórhallsson eiginmaður Felix leitaði víst til nokkurra í hópnum og vildi kanna áhuga á að hafa einhverja daga í háskólanum í tengslum við leikritið. Það varð því til þess að Félag samkynhneigðra stúdenta (FSS) var formlega stofnað 19. janúar árið 1999 og voru stofnfélagar 25 talsins. Stofnfundurinn markaði auk þess upphaf þemadaga sem haldnir voru í samvinnu við jafnréttisnefnd Háskóla Íslands, sem nefndust Hinsegin háskóladagar, þar sem málefni homma og lesbía voru í brennidepli. Rúsinan í pulsuendanum var sú að gestir þemadaganna fengu fritt á sýningu Felixar í boði Félagsstofnunar stúdenta.

Félagið sexfaldast

Á þessum tíma var internetið að ryðja sér til rúms og fólk var að eignast fyrstu farsímana. Einstaklingar sem voru tvístigandi við að vera opinberlega samkynhneigðir gátu tekið þátt í starfi félagsins í gegnum netið og síma. Haldið var úti heimasíðu, póstlista og sms-lista. Mikill áhugi var meðal

fjölmiðla um félagið og það fékk mikið umtal sem varð til þess að á einu ári jókst félagafjöldi FSS úr 25 manns í 150 manns. Ekki var öll fjölmiðlaumfjöllun um samkynhneigð á þessum tíma jákvæð. Stjórn FSS fór til að mynda á fund ritstjóra Morgunblaðsins til að mótmæla og stöðva birtingu röð ritgreina sem blaðið hafði verið að birta um skaðsemi samkynhneigðar.

Fjölbreytt starfsemi fyrsta árið

Á þessu fyrsta starfsári var ekki slegið slöku við og haldnir margir félagsviðburðir, fræðslufundur um stöðu samkynhneigðra í Þjóðkirkju Íslands í samráði við guðfræðinema, komið á alþjóðlegum samböndum við IGLYO (International Gay and Lesbian Youth Organization), gerður kynningarbæklingur og tekið þátt í skipulagningu pride um sumarið sem bar yfirskriftina „hinsegin helgi“. Félagar hittust á kaffihúsum, til dæmis Jómfrúnni, skemmtistaðnum Spotlight eða í nýju húsnæði Samtakanna '78 (S'78) sem þá var á fjórðu hæð á Laugavegi 3.

Smokkum látið rigna yfir landsmenn

Félag samkynhneigðra stúdenta

Félag samkynhneigðra stúdenta stofnað

Stofnfundurinn markaði upphaf Hinsegin háskóladaga. Stofnfélagar voru 25 talsins.

2000

Nafna-breyting #1

Þetta ár var nafni félagsins breytt úr FSS- félag samkynhneigðra stúdenta yfir í **FSS-félag sam- og tvíkynhneigðra stúdenta**.

2002

Hommar eru gæðablóð

Blóðbankabíllinn heimsótti háskólasvæðið. Fjórir meðlimir félagsins báru rauða borða sem á stóð „hommar eru gæðablóð“ og minntu á að samkynhneigðir karlmenn mega ekki gefa blóð. Þeir spurðu „**Ertu til í gefa blóð fyrir mig af því ég má það ekki**“ og svo margir urðu við áskoruninni að kalla þurfti út aukastarfsmann í blóðbankabílinn.

2004

Nafna-breyting #2

FSS breytti nafni sínu yfir í **FSS félag STK stúdenta**, þar sem STK stóð fyrir samkynhneigða, tvíkynhneigða og kynskiptinga.

2006

Nafna-breyting #3

FSS byrjaði að kalla sig **FSS- félag STT stúdenta** (samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og trans).

2008

Trans-dagar

HVAR ER TRANS Í HÁSKÓLA ÍSLANDS? 16.-20. NOVEMBER

Félagið hélt Trans-daga í Háskóla Íslands. Markmiðið með dögnum var að varpa ljósi á **stöðu trans fólks** í íslensku samfélagi og vekja athygli á trans málefnum.

2010

Hvað er Trans?

Félagið gaf út **fræðslubæklinginn** „Hvað er Trans?“. **Tillaga um kynvitund**

2012

Alþjóðlegar sumarþúðir á Reykjum

Q hélt **alþjóðlegar sumarþúðir** fyrir hinsegin ungmenni hérlandis. Voru þær haldnar á Reykjum í Hrótafirði og tókust vel.

2014

Vísindaferðir

Visindaferðir Q-félags hinsegin stúdenta hófu göngu sína. Nemendafélögum bauðst með þessu tækifæri til að fræðast um **hinsegin málefni** en margir háskólanemendur höfðu fyrir það ekki fengið neina hinsegin fræðslu.

2018

20 ára afmæli

Félagið heldur upp á **20 ára afmæli** sitt um þessar mundir og hefur meðal annars ráðist í útgáfu þessa blaðs í tilefni þess.

2016

Nafna-breytingar leyfðar í HÍ

Háskóli Íslands breytti reglum sínum svo trans nemendur gátu **breytt nafni** sínu innan kerfi háskólans, þrátt fyrir að breyting sé ekki komin fram í Þjóðskrá.

2016

Kynlaus klósettaðstaða

Eftir margra ára baráttu var gerð **kynlaus klósett-aðstaða** í Háskóla Íslands, í nýjum Stúdentakjallara.

2014

1999

Ný ættleiðingarlög

Ný lög um ættleiðingar tóku gildi 11. júlí árið 2000. FSS hélt opinn fund í aðdraganda þess og var umsagnaraðili um frumvarpið árið áður. Þá sendi félagið einnig bréf á alla þingmenn þar sem lögð var áhersla á þau mannréttindi að hommum og lesbíum yrði **treyst fyrir barnauppeldi** og fengju að ættleiða börn.

2001

Samnorræn samtök stofnuð

FSS ásamt BLUS (stúdentahreyfing hinsegin stúdenta í Kaupmannahöfn) áttu frumkvæðið að því að stofna samnorræn samtök hinsegin stúdentahreyfinga **The Association of Nordic LGBTQ Student Organizations (ANSO)** sem síðar urðu samtök norrænna og baltneskra stúdenta-hreyfinga. Verkefnið var styrkt af Evrópusambandinu og Norrænu ráðherranefndinni.

2003

Border People 2004

Mikið og blómlegt alþjóðastarf var á þessum tíma. Þetta ár skipulagði FSS fund hér á landi þar sem 45 stúdentar mættu frá tólf systurfélögum í Evrópu. Fundurinn bar yfirskriftina „**Border People 2004**“ og vísaði nafnið í að þátttakendur upplifa sig jaðarfólk í samfélaginu.

2005

HIV dagurinn

FSS og Alnæmissamtökin stóðu fyrir **blysgöngu** og dagskrá á Alþjóðlega HIV/ alnæmisdeginum 1. desember.

2007

Nafna-breyting #4

Nafni félagsins breytt í Q sem visar í *queer*. Q er ekki að finna í íslenska stafrófinu en samt þekkja hann allir og kunna fram-burðinn á honum. Q-ið stendur því ekki aðeins fyrir hinsegin, **það er hinsegin**.

2009

Gæðablóð í göngunni

Hommar eru gæðablóð

2011

Hinsegin helgi

Q skipulagði **Hinsegin helgi** fyrir ungmenni. **Ný hjúskaparlög**

27. júní tóku í gildi **ný hjúskaparlög** sem gerðu tveimur einstaklingum óháð kyni kleift að giftast. Stjórn Q gaf umsógn um frumvarpið og fór á fund allherjarnefndar og lýsti ánægju með lagafrumvarpið en gerði athugasemd við synjunarrétt presta.

2013

The Queer Angle: A look into the queer society

Q hélt ráðstefnu hérlandis fyrir meðlimasamtök ANSO. Þemað var **hinsegin samfélagið og menning**. 27 þáttakendur frá 8 löndum tóku þátt.

2015

QTV

Q framleid-di **stíklur um málefni hinsegin fólks**. Verkefnið kallaðist „QTV“ og fékkst styrkur frá Evrópu unga fólksins til verkefnisins.

2017

BDSM skekur hinsegin heiminn

Mikil átök ríktu innan raða Samtakanna við umsókn **BDSM á Íslandi** um aðild að Samtökunum. Q félagið lýsti opinberlega yfir stuðningi við BDSM á Íslandi í gegnum Facebook-síðu sína og pride-atríði.

2019

Athugið!

Þessi sögulega samantekt var unnin úr timaritgreinum um félagið frá timarit.is, ársskýrslum frá 2009 til dagsins í dag og viðtölum við fyrverandi formenn. Listinn er ekki tæmandi en félagið hefur haldið/tekið þátt í yfir 400 viðburðum yfir síðastliðin 20 ár. Því er tímalínan aðeins toppurinn af ísjakanum.

Hinsegin Frakkar fá stuðning

JAFNR ÉTTI

FÉLAG HINSEGIN STÚDENT

DID YOU KNOW?
KIKI HOSTS THREE
DRAGSHOWS A WEEK
AND A MONTHLY
GRAND SHOW WITH
ALL OUR QUEENS!

FIND US ON FACEBOOK &
INSTAGRAM FOR MORE
DETAILS.



Ásta Kristín
Benediktsdóttir
fjallar um ótækt og
undarlegt orð.

Hinsegin hvað?

Hinsegin er mikið ólíkindahugtak. Samkvæmt Íslenskri orðabók þýðir það ‚á hinn veginn‘, ‚öðruvísi‘, ‚skrýttinn‘, eða ‚undarlegur‘, ‚óviðeigandi‘ eða ‚ótækur‘ – ‚þunguð, ófrísk‘ eða ‚samkynhneigður‘. Hvað eiga allar þessar merkingar sameiginlegt? Og hvað með notkun orðsins í dag – hinsegin fræði, hinsegin saga, Hinsegin dagar, félag hinsegin stúdenta? Hér á eftir verður skyggst inn í sögu þessa óviðeigandi, öðruvísi og ögrandi orðs og meðal annars hugað að þætti Q-félagsins í þróun þess og notkun.

Óviðeigandi og öðruvísi

Við fyrstu sýn eiga orðabókarmerkingar orðsins hinsegin kannski ekki margo sameiginlegt – hvað er til dæmis líkt með óléttu og samkynhneigðu fólki? Jú, bæði þunganir og kynhneigð tengjast kynverund (e. sexuality) og um hvort tveggja hafa löngum ríkt sterkar skoðanir. Samfélög fyrr og síðar hafa oftar en ekki jaðarsett fólk sem brýtur í bága við kynferðisleg norm, verður til dæmis þungað í „röngum“ aðstæðum eða á í samböndum við fólk af „röngu“ kyni. Slíkt fólk er einmitt oftar en ekki talið óviðeigandi og ótækt, í besta falli skrýtið eða öðruvísi.

Ef *hinsegin* er slegið upp á vefnum Timarit.is koma upp fjölmörg dæmi um orðalagið „svona og hinsegin“, þar sem orðið þýðir einfaldlega ‚það sem er ekki svona‘. Einnig er auðvelt að finna setningar á borð við „hann/hún er nú eitthvað hinsegin“ í merkingunni að viðkomandi sé ‚skrýtin/n/ð‘, ‚óviðeigandi‘ eða hafi ‚orðið sér til skammar‘. Hinsegin er enn fremur notað í setningum eins og ‚hann/hún sagði það svona hinsegin“ til að gefa til kynna að viðkomandi hafi sagt eitthvað óhugsað eða án þess að fara ofan í saumana á því. Þrátt fyrir að hið síðastnefnda sé ekki beinlínis niðrandi er ljóst að orðið hinsegin hefur löngum haft fremur neikvætt merkingargildi – í það minnsta fylgir því sú hugmynd að manneskjan sem notar orðið sé ekki og vilji ekki vera hinsegin (heldur svona).

Neikvæða merkingin kemur svo afar skýrt fram í íslenskum fjölmiðlum

frá og með sjöunda og áttunda áratug 20. aldar þegar hinsegin er oft notað um samkynhneigt fólk, aðallega karla. Fjölmiðlaumfjöllun um samkynhneigð og málefni samkynhneigðra var almennt, með undantekningum þó, fordæmandi og í því samhengi var hinsegin skammaryrði, rétt eins og *kynvillingur* og fleiri slík orð. Á sama tíma var þó vissulega einnig nokkuð um að samkynhneigðir tækju slík orð upp á sína arma og notuðu þau á jákvæðan (eða í það minnsta hlutlausari) hátt um sjálfa sig og aðra.

Hinsegin sögur

Eitt athyglisverðasta dæmið um notkun hinsegin einstaklinga á orðinu hinsegin er smásagnasafnið *Hinsegin sögur* eftir Guðberg Bergsson, sem kom út árið 1984. Þessar sögur stuðudu marga lesendur en í þeim fjallar Guðbergur um ýmis svið kynferðislífsins á opinskáan og óvenjulegan hátt. Ein sagan fjallar til dæmis um tvo menn sem eru með tvenns konar kynfæri á bringunni og nágrannarnir halda af þeim sökum að þeir séu í hana slag þegar þeir stunda kynlíf. Aðrar sögur fjalla til dæmis um Magnúsu sem fer að vaxa typpi, tvikynhneigðan fil sem fullnægir fólki með rananum og Öbbu litlu sem lætur (já, hún er gerandi í sögunni) bæði afa sinn og hundana á leikvælinum „stinga í kitlustaðinn“ sinn. Flestar eiga persónurnar það sameiginlegt að fá ánægju út úr kynlífinu og þær skammast sín ekki fyrir það. Því má segja að *Hinsegin sögur* séu óður til ó-gagnkynhneigðs og

ó-venjulegs kynferðislífs, hvað sem lesendum kann að finnast um að kynlíf tveggja karla og kynferðisleg hegðun barns sé sett undir sama hatt.

Sögur Guðbergs eru hinsegin í miklu viðari skilningi en samkynhneigðum og segja má að notkun orðsins hinsegin í þessu samhengi feli í sér allar orðabókarmerkingarnar sem greint var frá hér að framan, nema óléttu, því sögurnar eru margar sannarlega skrýtnar, undarlegar, ótækar og óviðeigandi. Þorvaldur Kristinsson, sem kom að útgáfu bókarinnar, útskýrði þema bókarinnar á þennan hátt í viðtali í Helgarpóstinum 21. febrúar 1985 (bls. 14–15):

„Að vera hinsegin, öðruvísi, utangarðs er eins konar samnefnari þessara sagna, held ég. Sumar persónurnar njóta þess að eflast við hvern hana slaginn sem lífsnautnin færir þeim. Aðrar standa ekki undir því að vera hinsegin, leysast upp og láta furðufugla gleypa sig með húð og hári. Svo er þarna fólk eins og Anna Leikkona sem stynur undir því að hafa ekki tekist að verða nógu hinsegin í list sinni. Hún hefur aldrei ratað á ögrunina, heldur látið stofnunina éta sig með húð og hári og sætt sig við ríkjandi heimsmynd í listsköpun sinni.“

Hér er hinsegin því notað í merkingunni ‚utangarðs‘ og ‚ögrandi‘ – eða ‚það sem ögrar ríkjandi samfélagsviðmiðum‘ – og það er ekki endilega bundið við kynverund þótt tengingin þar á milli sé sterk. Þorvaldur og Guðbergur virðast því nota hinsegin í svipaðri



merkingu og varð algeng nokkru síðar með tilkomu hinsegin aktivisma og hinsegin fræða.

Hinsegin á 21. öld

Frá aldamótum hefur notkun orðsins hinsegin aukist og þróast hratt en ljóst er að það er notað á mjög margvíslegan hátt. Í fyrsta lagi er það ennþá notað í merkingunni ‚öðruvísi‘ og ennþá er talað um að eitthvað sé „svona eða hinsegin“. Í öðru lagi er orðið notað sem þýðing á enska orðinu queer sem varð lykilhugtak í hinsegin aktivisma og hinsegin fræðum á tíunda áratug síðustu aldar. Þýðinguna

„hinsegin fræði“ yfir það sem á ensku kallast queer theory má rekja til skrifa tveggja íslenskra bókmenntafræðinga, Geirs Svanssonar og Dagnýjar Kristjánsdóttur, en greinar þeirra sem birtust á árunum 1998 og 1999 mörkuðu upphaf hinsegin rannsókna (e. queer studies) á Íslandi.

Hið akademíska hugtak hinsegin/queer, sem einnig er notað í pólitík og aktivisma, er róttækt og afbyggjandi. Hinsegin hugmyndafræði gagnrýnir tvíhyggjuhugsun um kyn, kyngervi og kynverund, til dæmis þær hugmyndir að allt fólk sé annaðhvort gagn- eða samkynhneigt, og leitast við að brjóta

niður – af-byggja – ríkjandi samfélagsnorm sem draga fólk í dilka og setja því „reglur“ um til dæmis kyntjáningu og kynhegðun. Hinsegin er í þessu samhengi greiningarhugtak sem lýsir því og þeim sem eru, viljandi eða gegn sínum vilja, á skjön við slík norm.


Í þriðja lagi – og nú flækjast málin – er hinsegin notað um sjálfsmynd (e. identity) einstaklinga og hópa; fólk skilgreinir þá sig og/ eða aðra sem hinsegin. Í þessu samhengi er þó líka oft erfitt að átta sig á því hvað hinsegin þýðir nákvæmlega. Stundum vísar það til samkynhneigðra

eingöngu, oft er það regnhlífahugtak yfir samkynhneigt, tvikynhneigt og pankynhneigt fólk, trans fólk, intersex fólk o.s.frv. – og stundum er merkingin óljós og fljótandi.

Hinsegin = samkynhneigð

Á Timarit.is má sjá að þegar liða fór á tíunda áratug síðustu aldar var hinsegin í auknum mæli tekið upp og notað af samtökum samkynhneigðra á Íslandi. Sem dæmi má nefna að í mars 1995 héldu Samtökin '78 „Hinsegin biðdaga“ og í janúar 1999 voru sömuleiðis haldnir „hinsegin dagar“ á vegum

Smásagnasafnið Hinsegin sögur eftir Guðberg Bergsson kom út árið 1984.



Stúdentaráðs Háskóla Íslands og um leið var Félag samkynhneigðra stúdenta (FSS) stofnað. Hinsegin dagar í Reykjavík voru formlega stofnaðir árið 1999 en hátíðin það ár var kölluð „Hinsegin helgi“ og haldin í lok júní.

Ljóst er að á þessum árum merkti hinsegin í þessu samhengi fyrst og fremst „samkynhneigð“, ekki bara í meðförum fjölmiðlafólks heldur líka meðal þeirra sem kölluðu sig hinsegin. Í pistli eftir einn af stofnendum FSS sem birtist í *Morgunblaðinu* 19. janúar 1999 (bls. 40) kemur til dæmis fram að á hinsegin þemadögum í HÍ verði „málefni homma og lesbía [...] í brennidepli“. Í fréttatilkynningu sem birt var í blöðum í tengslum við Hinsegin helgi sama ár segir að „fjögur félög samkynhneigðra“ skipuleggi hátíðahöldin „að hætti lesbía og homma um allan heim“ (sjá t.d. *Morgunblaðið* 23. júní 1999, bls. 51). Forsvarsfólk Hinsegin daga í Reykjavík talaði enn fremur nær eingöngu um samkynhneigða í fjölmiðlaviðtölum fram yfir aldamót.

Hinsegin = regnhlífar-hugtak

Fyrstu merkin um að hinsegin sé notað sem regnhlífarhugtak yfir samkynhneigð og tvíkynhneigð sjást í íslenskum fjölmiðlum árið 2002 (það þýðir þó vitanlega ekki að orðið hafi ekki verið notað á þennan hátt fyrr). Þá var til dæmis búið að breyta nafni stúdentafélagsins í „Félag sam- og tvíkynhneigðra stúdenta (FSS)“ (sjá pistil frá formanni FSS í *Morgunblaðinu* 6. júlí, bls. 8). Sama ár birtist lítil frétt í *Morgunblaðinu* (10. ágúst, bls. 49) þar sem segir að fána tvíkynhneigðra verði flaggað í fyrsta sinn á Íslandi á Hinsegin dögum. Smám saman fara að birtast umfjallanir þar sem rætt er um tvíkynhneigð á sama tíma og samkynhneigð og orðið hinsegin er stundum greinilega notað til að ná yfir hvort tveggja.

Þörfin fyrir að stækka regnhlífin og innlima trans fólk og málefni þess í starfsemi hinsegin félagasamtaka jókst eftir því sem liða tók á fyrsta áratug aldarinnar og enn virðist stúdentafélagið

hafa riðið á vaðið. Nafni FSS var breytt aftur og árið 2006 er talað um „félag samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og kynskiptra stúdenta“ í viðtali við formann félagsins í *Fréttablaðinu* (6. ágúst, bls. 47). Árið 2007 var nafni félagsins breytt í „félag hinsegin stúdenta“ en þá voru félagar þess einnig farnir að prófa sig áfram með notkun skammstafana á borð við STT (samkynhneigð, tvíkynhneigð, transgender).

Árið 2008 hætti stúdentafélagið loks að ganga undir skammstöfuninni FSS og varð að Q – félagi hinsegin stúdenta. Á sama tíma virðist skammstafanotkunin að mestu hafa verið gefin upp á bátinn og hinsegin notað í staðinn. Önnur félög fylgdu í kjölfar Q-félagsins, kenndu sig við hinsegin og bættu tvíkynhneigð og trans málefnum (og nú nýlega einnig málefnum intersex, eikynhneigðra o.fl.) formlega á sína stefnuskrá. Samtökin '78 hétu „félag lesbía og homma á Íslandi“ til ársins 2009 þegar heiti félagsins var breytt í „félag hinsegin

fólks á Íslandi“ (sjá ársskýrslur 2008–2009 og 2009–2010). Hið enska heiti Hinsegin daga var enn fremur „Reykjavík Gay Pride“ til ársins 2014 þegar því var formlega breytt í „Reykjavík Pride“ á aðalfundi félagsins og þar með var staðfest að „hinsegin dagar“ væru ekki einungis „samkynhneigðir dagar“ heldur hátíð fyrir mun breiðari hóp.

Hinsegin = róttæk uppreisn

Þegar stúdentafélagið breytti um nafn árið 2008 og varð að Q – félagi hinsegin stúdenta skrifaði formaður þess, Brynjar Smári Hermannsson, pistil í fréttabréf Samtakanna '78 þar sem hann sagði meðal annars:

„Stefnubreytingin frá STT yfir í hinsegin er stórt skref og felur í sér ákveðna pólitíska afstöðu gagnvart þeirri hagsmunabaráttu sem við erum hluti af. Hvatningin og hugmyndafræðileg undirstaða hennar hefur aðallega fengist í gegnum ANSO, samband hinsegin stúdentafélaga á Norðurlöndunum, og er í takt við þær breytingar sem flest systurfélaga

okkar eru einnig að ganga í gegnum. Hún felst í því að gömlu stimplarnir, samkynhneigðir, tvíkynhneigðir og trans, eru lagðir til hliðar á þessum vettvangi og í staðinn er einblint á það sem sameinar okkur öll í einum málstað, þ.e. að eitthvað í fari okkar er í andstöðu við það sem samfélagið ætlast til, á skjön við hið gagnkynhneigða forræði, kerfi ótalmargra breyta þar sem aðeins þröng einkunn/afstaða þykir „venjuleg“ hverju sinni.“ (Sjá: <https://samtokin78.is/2008/04/15/q-ie-er-hinsegin/>)

Í þessum orðum felst yfirlýsing um að Q-félagið noti hinsegin ekki sem regnhlífarhugtak heldur í róttækri merkingu í anda queer-aktivisma sem hafði þegar þarna var komið sögu breiðst út frá Bandaríkjunum. Í þessu samhengi er hinsegin sem sagt þýðing á queer og nátengt hinu akademíska hinsegin-hugtaki.

Það er hins vegar alls

“
Hinsegin er, hefur verið og mun vonandi verða áfram pólitískt en umfram allt lifandi hugtak sem þróast og breytist með fólkinu sem notar það.”

“
ekki auðvelt að greina hvenær hinsegin þjónar slíku róttæku hlutverki og hvenær það er regnhlífarhugtak eða eitthvað annað, sérstaklega ekki þegar um er að ræða starfsemi félaga eins og Q-félagsins og Samtakanna '78. Það er nefnilega ekki einfalt mál að leggja sjálfsmyndarhugtökin til hliðar og heldur ekki endilega raunhæft eða gagnlegt – mörg þurfum

við á orðum eins og lesbía og tvíkynhneigð að halda þótt við viðurkennum um leið að hinsegin samfélagið rúmi fleira fólk, fleiri sjálfsmyndarhugtök og annars konar hugsun. Regnhlífin og róttæknin renna því oft saman og líklega nota flestir hugtakið hinsegin með margs konar merkingu í huga, ýmist samtímis eða til skiptis.

Ótækt!

Sú margvíslega, mótsagnakennda og kaotíska merking orðsins hinsegin sem hefur verið reifuð í þessum pistli getur verið flókin og erfið viðureignar, ekki sist í tengslum við sjálfsmyndir, pólitík og félagastarfsemi og þegar umræða skapast um hvaða fólk tilheyrir hinsegin samfélaginu. Um þetta var meðal annars deilt á vettvangi Samtakanna '78 árið 2016 – en það er önnur saga sem ekki gefst rými til að ræða hér. Ekki eru allir sáttir við að vera kallaðir hinsegin og það er skiljanlegt þar sem orðinu hefur fylgt neikvæður

merkingarblær í marga áratugi. Annað fólk nýtur þess að vera hinsegin – ótækt, óviðeigandi, öðruvísi – og kys að koma fram sem slíkt. Loks er rétt að nefna að oft er talað um „hinsegin fólk“ þótt hugsunin sem býr að baki snúi fyrst og fremst að samkynhneigðu fólki. Slík málnotkun er kannski ekki röng en getur verið misvisandi – gefið til kynna breiðari skirskotun en efni eru fyrir.

Hinsegin er því almennt til vandræða og kannski er „ótækur“ hin eina sanna merking þess. Getum við yfirhöfuð notað þetta orð? Um leið er það þó heillandi; í því býr einhvers konar kraftur sem erfitt er að hemja. Hinsegin er, hefur verið og mun vonandi verða áfram pólitískt en umfram allt lifandi hugtak sem þróast og breytist með fólkinu sem notar það – og líklega er eina leiðin að sætta sig við að við munum aldrei verða sammála um hvað það þýðir.





Alfred Hauksson
Formaður 1999

Alfred er m.a. með B.S. í tölvunarfræði og C.S. í rafmagns- og tölvuverkfræði og er giftur Hannesi Valda Stefánssyni. Hann var kosinn fyrsti formaður FSS og hefur eftir það líka setið í stjórn Samtakanna '78 og sinnt formennsku í íþróttafélaginu Styrmi. Alfred er nú með eigin rekstur, fasteignafélag og gistipjónustu til ferðamanna, auk þess að hafa opnað með bróður sínum huggulega kaffihúsið og hostelið Laugalæk.

Hvernig tilfinningar vekur það hjá þér að Q- félag hinsegin stúdenta sé orðið 20 ára gamalt?

Það er ánægjuleg tilfinning og er staðfesting á því að þörfin fyrir félagið var og er enn til staðar. Maður hefur ótrúlega sterkar taugar til félagsins og maður fylgist gjarnan með því sem félagið tekur sér fyrir hendur. Það er ekki sjálfsagt að félög sem þessi lifi lengi. Ég var lengstum formaður Íþróttafélagsins Styrmis, þ.e. til 2014, og hefur félagið því miður lagt upp laupana. Endurnýjun í félaginu var ekki nægileg og var erfitt fyrir nýja stjórn félagsins að halda lífi í félaginu við slíkar aðstæður.

Hver var markhópur félagsins þegar þú varst í stjórn?

Við stofnun félagsins var nafn félagsins FSS, félag samkynhneigðra stúdenta. Hins vegar ákvað stjórn félagsins

“Foreldrum mínum þótti fyrst um sinn erfitt að ég væri í forsvari fyrir félag samkynhneigðra.”

fljótlega að tvíkynhneigðir væru hluti af markhópi félagsins. Það kemur fram m.a. í bæklingi félagsins sem gefinn var út um mitt ár 1999 að félagið ynni að mannréttindum samkynhneigðra og tvíkynhneigðra. Á þessum tíma þekktum við ekki til trans eða annarra minnihlutahópa innan hinsegin regnhlífarinnar.

Hvaða hlutverki gegndi félagið fyrir hinsegin stúdenta 1999?

Félagið skóp mikinn samtakamátt á meðal félagsmanna. Ekki aðeins var okkur fært að kynnast, hittast reglulega og ræða málin, heldur gátum við í krafti félagsins einnig skrifað bréf til þingmanna, sent inn umsagnir um frumvörp til laga, haldið málstofur þar sem m.a. biskup og ráðherrar mættu til og verið til viðtals í fjölmiðlum landsins.

Hef ég eftir fyrrverandi formanni Samtakanna '78 að lengi hafi verið beðið eftir að félag stúdenta yrði stofnað einn daginn. Á starfsárinu 1999 létum við hendur standa fram úr ermum varðandi réttinda-pólítík.

Hvernig var fyrir þig persónulega að vera í forsvari fyrir hinsegin



félag í háskólunum? Það var bæði krefjandi og gefandi. Foreldrum mínum þótti fyrst um sinn erfitt að ég væri í forsvari fyrir félag samkynhneigðra.

Minnist þú þess að félagið og/eða meðlimir þess hafi einhvern tímann orðið fyrir aðkasti, fordómum eða misrétti fyrir að tilheyra hinsegin regnhlífinni?

Það kom fyrir. M.a. kom holskefja af aðsendum bréfum í Morgunblaðið um skaðsemi samkynhneigðar og nokkur okkar úr FSS sendum svargreinar í Moggann.

Guðlaugur Kristmundsson
Formaður 2002-2004

Guðlaugur býr með manni sínum Andrési og fjögurra ára syni þeirra sem er hjá þeim í varanlegu fóstri. Einnig eiga þeir hundinn Tinó. Gulli er alinn upp í Þjórsárdalnum á kúabúi sem foreldrar hans tóku við frá langafa sínum. Nú er Gulli þó búinn að koma sér vel fyrir í Garðabænum.

Áttu þér eitthvað uppáhalds baráttumál í þinni stjórnartíð?

Eitt haustið var vinnustofa félagsmanna þar sem við lögðumst yfir ræður og atkvæðagreiðslur Alþingismanna um allt er varðaði hinsegin fólk. Barna var Alþingisvefurinn nýkominn í loftið sem gerði þessa vinnu einfaldari. Við létum prenta stór kort með mynd af aðalbyggingu Háskólans í regnbogalitunum frá afmælisveislunni okkar og handskrifuðum hverju þeirra jólakort, þar sem við fórum yfir hvernig þau hefðu meðhöndlað málefni hinsegin fólks. Margir höfðu aldrei sagt orð og mögulega verið fjarverandi allar atkvæðagreiðslur. Við bentum þessu folk á að sú þögn væri æpandi og báðum þau að vera til staðar fyrir okkur, því sum í hópnum væru ekki svo lánsöm að eiga skilningsrika ættingja. Ég held að þetta hafi kveikt eitthvað í ráðamönnum og þeir skilið málstað okkar betur því við matreiddum hann á jákvæðan og einfaldan hátt. Við vorum svo viss um að öllum líkaði vel við okkur og myndu styðja okkur.

Hvernig var fyrir þig persónulega að vera í forsvari fyrir hinsegin félag í háskólunum?

Þetta var mikill persónulegur þroski, bæði að skipuleggja starfið og virkja fólk til þátttöku en ekki síður að setja sjálfan sig fram á svona áberandi hátt. Ég fór til að mynda oft í viðtöl, t.d. í útvarpið og ég gleymi því ekki þegar ég gekk úr einu slíku og settist inn í bílinn, þá hringdi langamma mín í mig - til þess að hrósa mér fyrir gott tungutak og örugga framkomu í útvarpinu. Það til dæmis varð til þess að við ræddum meira um kynhneigð mína heldur en ég hefði annars gert og það styrkti tengslin okkar.

Mögulega hefði ég farið í flóttu í samskiptum við hana og við hefðum aldrei kynnst hvor öðru eins náð eins og okkur tókst vegna þess að ég var í forsvari fyrir hinsegin félag.

Hvaða málefni þykir þér mikilvægt að Q félag hinsegin stúdenta standi í forsvari fyrir á komandi ári/árum?

Ég myndi vilja að félagið beitti sér með kröftugum hætti að jafnrétti, menntun og rannsóknum, til dæmis með því að yta á þingmenn og háskólana. Það er líka mikilvægt að taka sér pláss í samfélagi hinsegin fólks en ekki síður á almannafæri, t.d. með sterku forsvarsfólki sem myndi skrifa eða taka þátt í samfélagsumræðunni á einhvern hátt.

“[Við] handskrifuðum hverju þeirra [þingmönnum] jólakort, þar sem við fórum yfir hvernig þau hefðu meðhöndlað málefni hinsegin fólks.”

Hvað er það besta sem Q starfið gaf þér? Sjálfsöryggi og ævarandi vináttu við fjölbreytt



Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir
Formaður 2009

Starfar í dag sem sálfræðingur hjá Domus Mentis Geðheilsustöð og sem ráðgjafi hjá Samtökunum '78. Hún er gift Úlfhildi Eysteinsdóttur og saman eiga þær Urði (3 ára) og Eystein (2 ára).

Hvernig tilfinningar vekur það hjá þér að Q- félag hinsegin stúdenta sé orðið 20 ára gamalt?

Ég hef síðastliðið ár starfað meira í kringum stjórnarmeðlimi Q félagsins og finn ég ávallt hvað mér þykir vænt um starfið. Það var um tíma á meðan ég var formaður að starfsemin breyttist mikið og ríkti þá óvissa um framtíð félagsins. Við misstum húsnæði okkar í Hinu Húsinu og færðum skrifstofu okkar þá til Samtakanna '78. Ég átti mér þá von að starfið myndi taka við sér á ný. Í dag erum við að fagna 20 ára afmæli félagsins og það gerir mig ótrúlega glaða og þakkláta.

SPURT OG SVARAÐ
FORMENN
FORTÍÐAR

Ekkert verður til úr engu. Í gegnum tíðina hafa hundruðir sjálfboðaliða lagt mikið á sig til þess að gera félagið að þeim samtökum sem þau eru í dag. Í tilefni stórafmælisins fengum við nokkra vel valda sem sinntu formennsku á mismunandi tímum í sögu félagsins til að deila með okkur sinni reynslu, sögum og vonum til félagsins á komandi árum.

Hvað varð til að þú byrjaðir í starfa í félagi hinsegin stúdenta?
Stuttu eftir að ég hóf nám við Háskóla Íslands uppgötvaði ég Q félagið sem þá hét reyndar FSS- félag samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og trans stúdenta. Ég byrjaði að sækja viðburði á vegum félagsins og stuttu seinna var ég komin í stjórn. Ég heillaðist mjög af starfinu og sérstaklega alþjóða- starfinu sem var liflegt á þessum tíma.

Hvaða verkefni ert þú stoltust af frá stjórnartíð þinni og af hverju?
Nafninu var þá breytt úr FSS- félagi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og trans stúdenta yfir í Q- félag hinsegin stúdenta og er ég stolt af því að hafa verið í stjórn þegar þessi breyting átti sér stað. Einnig er ég mjög stolt af glæsilegri ráðstefnu sem félagið hélt hér á Íslandi í samstarfi við ANSO- samtaka norrænna, baltneskra og pólskra hinsegin stúdentafélaga. Ráðstefnan fór fram í Reykjavík árið 2009 og bar titilinn A Queer Wonderland.

Hvað er það besta sem Q starfið gaf þér?
Á þessum árum kynntist ég yndislegu fólki, tókst á við mjög krefjandi en

skemmtileg verkefni og með alþjóðastarfi félagsins gafst mér tækifæri að ferðast . Ég fór til Frakklands, Svíþjóðar og Danmerkur þar sem ég tók þátt í ýmsum ráð- stefnum og fræðslum á vegum ANSO. Í gegnum það starf kynntist ég mannréttindabaráttu hinsegin fólks frá ýmsum löndum, áskoranir ýmissa hópa sem ég hafði þá litla þekkingu á. Ráðstefnurnar opnuðu augu mín fyrir stöðu trans- og intersex fólks, en umræðan var oft komin skemur á veg hér heima.

Var eitthvað sem þú manst eftir sem að fór miður eða hefði mátt fara betur í þinni stjórnartíð?
Jákvæð breyting hefur átt sér stað síðustu ár með auknu samstarfi ýmissa hinsegin félaga, sem ég fagna mjög. Með stuðning Samtakanna ´78 hefur skapast öruggt og gott rými fyrir slíkt sam- starf. Í minni stjórnartíð upplifði ég ekki eins öflugt samstarf og ég verð vitni af í dag, það er mikill styrkur í því að standa saman og auka sýnileika annarra hinsegin félaga.

Sigurður Ýmir Sigurjónsson
Formaður 2015-2017

Sigurður er 27 ára og er núverandi forseti sviðsráðs Heilbrigðis- visindasviðs HÍ og situr í stjórn Stúdentaráðsins. Hann er í hjúkrun og starfar sem hjúkrunar- fræðingur á göngu- deild bráða- móttökunnar. Siggí og unnusti hans, Gunnar, búa í íbúð í Hafnarfirði með

kettinum þeirra, henni Skonsu og biða eftir að fá hvolp sem viðbót við fjöl- skylduna.

Hvernig tilfinningar vekur það hjá þér að Q- félag hinsegin stúdenta sé orðið 20 ára gamalt?
Mér finnst það magnað! Bæði að vita að félagið má loksins byrja að drekka löglega og að vita að ég átti part í félaginu alveg meira en fjórðung af tilveru þess.

“ Félagið má loksins byrja að drekka löglega!”

Hvað varð til að þú byrjaðir að starfa í félagi hinsegin stúdenta?
Ég vissi af félaginu aðeins áður og nálgadist félagið vegna hugmyndar sem ég var með, mér var þá kippt inn á fund en Ugla var meðlimur í stjórn á þeim tíma. Ég og Ugla unnum saman á Trúnó/Barböru (Mikill söknuður..) og hún ásamt öðrum kipptu mér inn í meðstjórnenda stöðu sem var opin.

Finnst ykkur þörfin fyrir hinsegin félag stúdenta hafa minnkað?
Mér finnst þörfin hafa breyst. Áður fyrr var þörfin að vera vettvangur fyrir hinsegin stúdenta að hittast, vera örugg og geta myndað tengsl. Í dag er samfélagið opnara og öruggara fyrir hinsegin stúdenta þannig þeir geta í meira lagi tjáð hinseginleika sinn á opnum vettvangi. Hlutverk Q félagsins hefur því færst

úr því að vera öruggt rými til að bjóða upp á félagslegar aðstæður fyrir hinsegin aðila yfir í að vera hagsmunagæsla og fræðsla. Það er mjög jákvæð breyting þó svo að það sé vissulega sorglegt að hafa fundið fyrir minnkaðri þörf og aðsókn á Q kvöld.

Hvaða málefni þykir þér mikilvægt að Q félag hinsegin stúdenta standi í forsvari fyrir á komandi ári/árum?
Mér finnst visindaferðirnar vera bríllíjant! Það þarf að efla það batteri enn frekar og fá fleiri nemendafélög til að gera sér ferð til að fá fræðslu. Það mætti svo benda á mikilvægi þess að fræðendur fái greitt fyrir fræðslur þar sem það er ljandi að vinna þetta í sjálfböðavinnu og þetta eru sérfræðingar í þessum ákveðnu málefnum. Varðandi þörf málefni þá vill ég benda á stöðu hinsegin þekkingar hjá heilbrigðisstofnunum og heilbrigðisstarfsfólki. Q félagið þarf að yta á heilbrigðisvisindasvið að fræða nemendur sína þar sem heilbrigðisstarfsfólk sinnir mjög viðkvæmum hinsegin hópum og þarf að búa yfir þekkingu á málefninu.

Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?
Takk Q félag fyrir að hafa gefið mér án efa ein skemmtilegustu ár lífs míns. Ef þú ert að lesa þetta og hefur ekki mætt á Q kvöld þá mæli ég innilega með!



REYKJAVÍK

THE QUEEREST HARD ROCK ON THE PLANET



Hard Rock Cafe Reykjavik | Lækjargötu 2a | 101 Reykjavík | 560 0800



Bókabúð allra námsmanna
Ritföng - Gjafavörur - Kaffihús



www.boksala.is
facebook.com/boksala.studenta



STÚDENTAGARÐAR

www.studentagardar.is



LEIKSKÓLAR STÚDENTA



STUDENTAKJALLARINN

www.studentakjallarinn.is
facebook.com/studentakjallarinn

Fjölbreytt og skemmtileg þjónusta á hagstæðu verði fyrir stúdenta við Háskóla Íslands.



Félagsstofnun stúdenta
- eykur lífsgæði stúdenta

Háskólatorgi, 3. hæð Sæmundargötu 4
Sími 570 0700 fs@fs.is www.fs.is

DRAG-SÚGUR

The Biggest Drag Show in Iceland

Ever since reviving the Reykjavik drag scene back in 2015, the amazing drag royalty of Drag-Súgur have been giving people life with their monthly extravaganzas. Their home is Gaukurinn, a very queer-friendly bar that celebrates diversity, equality and love. Drag-Súgur hosts two drag shows every month, one of which is a free-entry experimental show called Drag-Lab, where beginners and seasoned performers try

out new acts for a live audience. Then there's the main show, Drag-Súgur, featuring the best local performers and extra special guests that are sure to wow any drag-loving crowd with incredible performances. You can expect kings, queens, gender-fuckery, fabulousity, fierce fun, and of course the celebration of all things queer. Be sure to support the local drag scene and check out Drag-Súgur!

Lovisa Sigurjónsdóttir @icelandicphoto



VÍSINDAFERÐIR UM HINSEGIN MÁLEFNI

Háskóli fyrir alla?

Heiðrún Fivelstad,
fræðslustýra og varaformaður Q



Heiðrún Fivelstad, fræðslustýra og varaformaður Q - félags hinsegin stúdenta skrifar um vísindaferðir.

Árið 2017 hóf Q að bjóða upp á vísindaferðir um hinsegin fólk og málefni fyrir háskólanema. Strax frá upphafi var mikill áhugi fyrir vísindaferðunum og er nú svo stótt að uppbókað er út vorönn 2019 og byrjað að bóka fyrir haustönnina. Vísindaferðirnar hafa hlotið mikið lof og er ekkert lát á eftirsókninni.

Ég hef alltaf brunnið fyrir málefnum hinsegin fólks og blómstraði sá áhugi í jafningjafræðslu Samtakanna '78, þar sem ég tók þátt í að fræða grunn- og framhaldsskólanema um hinsegin fólk og málefni. Þegar ég hóf stjórnartíð mína innan Q - félagsins, sem staðið hefur yfir þrjú ár samfleytt, fannst mér mikilvægt að Q beitti sér fyrir öflugri fræðslu fyrir háskólanema sem svipaði til þeirrar innan jafningjafræðslu Samtakanna '78. Ég hóf því vinnu við að setja upp fræðslu fyrir háskólanema, þar sem ég vissi að fæstir á mínum aldri hafa verið þeirrar gæfu aðnjótandi að hljóta slíka fræðslu í grunn- eða framhaldsskóla. Á sama tíma tókum við þá ákvörðun innan félagsins að einbeita okkur meira að starfsemi félagsins innanlands í stað alþjóðastarfsemi og auka þar með sýnileika okkar innan háskólanna.

Vísindaferðirnar voru frábær leið til þess. Með því að bjóða nemendafélögum háskólana til okkar og fræða þau um hinsegin samfélagið hefur sýnileiki Q - félagsins aukist til muna. Samtímis höfum við tekið eftir aukinni áherslu innan háskólapólitíkur á hinsegin málefni, sem er mikið fagnaðarefni.

Öruggt umhverfi til að fræðast

Í vísindaferðunum fjöllum við um starf Q - félagsins og Samtakanna '78, frá upphafi til dagsins í dag. Bróðurhluti fræðslunnar fer í að útskýra muninn á hugtökunum kynjakerfið, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni og kyntjáning, til að gera betur grein fyrir þeim mismunandi hópum sem tilheyra hinsegin samfélaginu og skera sig út frá hinu dæmigerða kynjakerfi. Hugtökin flækjast oft fyrir háskólanemunum, skiljanlega, sem heyrta hafa um fæst þeirra áður. Þá fjöllum við um mannréttindabaráttuna, söguna og mismunun sem hinsegin fólk verður enn fyrir í dag. Að lokum tengjum við málefni hinsegin fólks við þá fræðigrein sem þau stunda nám við og bendum þeim á hvernig þau geta lagt baráttunni lið. Að minnu mati er

það skemmtilegasti hluti fræðslunnar, því það bregst aldrei að finna tengingu við fræðagreinirnar og málefni hinsegin fólks þótt það liggur ekki í augum uppi við fyrstu sýn. Við endum á léttum nótum með barsvari úr hinsegin dægurmenningu og sögu, svo nemarnir haldi örugglega út léttir og hýrir á brá. Að minnu mati eru háskólanemarnir sem til okkar koma almennt opnir og jákvæðir gagnvart fræðslunni en hafa skort öruggt umhverfi til að fræðast og spyrja spurninga sem á þeim brenna.

Háskólar fyrir hinsegin fólk?

Meðvitund háskólanema um hinsegin málefni er mikilvæg, þar sem hinsegin fólk verður enn fyrir félagslegu, kerfislægu og stofnanabundnu misrétti. Innan veggja háskólanna er öllum birtingarmyndum misréttis gagnvart hinsegin fólk viðhaldið með skorti á rannsóknnum, námsefni og umræðum innan háskólanna sem taka mið af hinsegin fólk og málefnum þeirra. Af minni skólagaöngu að dæma basla kennarar enn við að ræða hinsegin fólk og málefni, þá sjaldan sem þau eru nefnd innan skólastofunnar eða í námsefni. Augljóst er að við eigum langt í land

þangað til að hinsegin nemendur upplifa sig og sinn veruleika endurspeglast innan háskólanna. Með aukinni fræðslu til háskólanema er von okkar að bæta umhverfi hinsegin nemenda, auka skilning verðandi fræðafólks á stöðu hinsegin fólks og kveikja áhuga þeirra á að leggja hinsegin fólk lið í okkar baráttu.

Þitt framlag skiptir máli

Nú fer stjórnartíð minni innan Q senn að liða undir lok, en starfi okkar er langt frá lokið. Ég hlakka til að sjá hvernig vísindaferðirnar þróast með tímanum og ber fullt traust til fólksins sem tekur við. Öllum áhugasömum er velkomið að taka þátt í vísindaferðunum og leggja sitt af mörkum að fræða háskólanema um hinsegin málefni. Einnig tekur Q við fjárstyrkjum frá bandafólki sem ber hag hinsegin fólks innan háskólanna fyrir brjósti. Öll framlög eru þegin með þökkum. Okkar von er sú að í framtíðinni verði ekki þörf á vísindaferðum sem rekin er af sjálfbóðaliðum, heldur endurspegli háskólarnir raunverulega fjölbreytileika fólksins sem þá sækir og samfélagið í heild sinni. Þangað til heldur baráttan áfram.

NOTES ON Queer Solidarity

Jay Lalonde shares their views on queer solidarity and experience of the Icelandic queer community as a trans immigrant.

When thinking about queer communities in Iceland and elsewhere, what first comes to mind is solidarity and mutual help. Queer organisations and queer spaces serve an essential function: to remind the world that we've always been here and for sure are not going anywhere. This may sound self-evident to some. "Everyone knows that queer people exist, Jay. Don't be ridiculous, it's not the 1950s and, after all, Iceland is the mythical queer paradise." I imagine hearing. I have heard this claim many times, in academia, on the street and in bars downtown, but as most readers of this publication probably know, it's blatantly untrue.

Queers, and especially trans and gender non-conforming people, are constantly under attack and an everyday, as well as omnipresent, form of this oppression is invisibility. How often have you heard someone loudly claiming to support the queers (or, as they'd more likely say, "not having a problem with those gays and lesbians"), before immediately proving that we don't have a place in their

mental universe? From people routinely asking expectant parents about the gender of their babies, to people assuming that all couples are cis, heterosexual and monogamous, and that all pregnant people are women, to one of the most popular budget airlines printing one's passport gender on boarding passes in capital letters. To using statistics in research and public policy that effectively ignores the existence of trans and especially non-binary trans people. To teaching sex education in elementary schools that doesn't actually educate about queer topics. To not creating safe places for trans people in shelters and halfway houses. Queer exclusion does not discriminate.

In my opinion, it's a waste of time and physical and mental energy to sit and wait for a transphobic environment and policies to change. It'd certainly be great if it did and we could just exist in public space, but until then, for me the best use of this time and energy has been to support other trans and questioning people. Solidarity and care, such as in sharing helpful infor-

mation about doctor's appointments, name changes and hormones, going to appointments or public spaces together, or simply sitting down and listening, are an immediate and easily accessible way to support each other. This may seem ridiculously simple and as though I'm not saying anything new, but I've always experienced this net of mutual support as an incredibly powerful form of resistance. Not everyone has supportive friends and family and even if they do, being able to talk to someone with a similar experience, and understanding they're not alone can be life-changing.

Sharing a personal story here, I first really understood the power of simply talking and feeling listened to when I met R in early 2014. I'm not even sure they remember me anymore because we sadly weren't able to spend much time together then, but I'll never forget them and their effortless way of helping others, always making time for the people rendered disposable by society, and always coming up with new and new ways of supporting others, from

writing grant applications to direct action. And listening. Really listening, rather than just waiting for their turn to speak. I'll always be grateful to R for making me realise not only that trans and queer people really do exist, but that there is incredible strength, perseverance, and beauty against all the odds society keeps stacking against us. R taught me to value time with other people, to take nothing for granted, and to expect nothing in return. And since then I have tried - and often struggled - to be that kind of person, too.

A trans support group in English meets the first Monday of every month 7-9 PM in Samtökin '78, Suðurgata 3 (wheel-chair-accessible location), and the second Tuesday of every month 7-10 PM in Andrími, Bergþórugata 20. Follow the FB event "Trans Support Group in English" for detailed info and updates or e-mail: transsupportgrouprvk@riseup.net. Based on peer-support, inclusivity, and sharing. All trans and questioning people are welcome.

Q for you!



In short:

Who is Q for? Queer people age 18-35 and whomever supports queer students.

What does Q do? Q is the largest queer student union in Iceland and oversees the fight for queer rights and queer-education at the university level as well as providing social activities for queer students.

Where can I find information about Q and upcoming events? On Facebook and queer.is

How do I become a member? Drop by an event or apply to become a member on queer.is.

The history

The Gay Student Association was founded in January 1999 after a series of regular meetings about gay issues at the University of Iceland. They quickly gained over 150 members and have been growing ever since. Through the years the association has been more radical than other queer movements and has driven queer politics in Iceland in many ways. It was in the forefront of inclusivity when welcoming both bisexual and trans people into the association, and was the first to use the Icelandic term "hinsegin" (E. queer) in its formal name to emphasise that it was inclusive of and fought for the rights of all queer people. This happened in 2008 when the association's name was changed to Q - félag hinsegin stúdenta // Q - Queer Student Association.

The association aims to:

- Give all queer (LGBTQIA+) students the opportunity to meet, support and unify them
- Be a visible force within universities and an advocate for queer individuals and matters
- Fight for queer rights within and outside universities
- Work for more and improved education, teaching, discussion, and research regarding queer matters within as many university schools and faculties as possible

The association for you!

Whether you already feel you belong within the LGBTQIA+ community, are questioning your queer identity or you just care about queer matters,

Q is for you! Those who are taking their first steps, are out and proud, or would simply like to learn more, are all welcome and encouraged to get in touch with us and take part in Q's activities. Q is meant to be a place to meet, and get to know, people going through similar experiences.

Q's members are students and young adults who meet up regularly. We host events two Friday nights a month, which range from parties to board game nights to karaoke and movie screenings. We also try to have educational lectures at least twice every semester. This year we've organized queer sex education and a mental health awareness event. All of our events are advertised at www.facebook.com/Qfelag. Again, we would like to encourage you to show up to our events. We welcome everyone.

Become an active member

You don't have to pay the membership fee to attend Q's events but we highly encourage all to do so. The Q-card, as we like to call it, is the membership-card for the Queer Student Association that gives you access to complementary beverages and/or food during some Q-events and discounts at Gaukurinn, Blush, Domino's, Pink Iceland, Kiki, Kattakaffihúsið & Búllan. But the biggest perk of becoming an active member is supporting Q and taking part in the fight for queer student rights in Iceland. This is where you apply to become a member on queer.is but you can also become a member at Q's events.



Hafðu fjármálin á hreinu í appinu

Með Landsbankaappinu hefur þú bankann alltaf við höndina
í símanum; stöðuna, færslur, sparnaðinn og Aukakrónurnar.

